

X

Inngangur

Þessi er gætt tilkoma til að taka saman veiðimálastofnun

reglur og leiðbeiningar

þessara reglur

Orkuskipti

veiðimálastofnun

er á milli

er á milli

er á milli

SKÝRSLUR VEIÐIMÁLASTOFNUNAR

Reglur og leiðbeiningar

Sigurður Guðjónsson tók saman

Janúar 1992

Veiðimálastofnun VMST-R/92002

1. Skilgreining

1.1. Þessi skýrsla hefur tilganginn að skilgreina

2. 1.1. Þessi skýrsla hefur tilganginn að skilgreina

þessi skýrsla hefur tilganginn að skilgreina

þessi skýrsla hefur tilganginn að skilgreina

þessi skýrsla hefur tilganginn að skilgreina

þessi skýrsla hefur tilganginn að skilgreina

þessi skýrsla hefur tilganginn að skilgreina

þessi skýrsla hefur tilganginn að skilgreina

þessi skýrsla hefur tilganginn að skilgreina

þessi skýrsla hefur tilganginn að skilgreina

þessi skýrsla hefur tilganginn að skilgreina

þessi skýrsla hefur tilganginn að skilgreina

þessi skýrsla hefur tilganginn að skilgreina

þessi skýrsla hefur tilganginn að skilgreina

2. Skilgreining

2.1. Þessi skýrsla hefur tilganginn að skilgreina

þessi skýrsla hefur tilganginn að skilgreina

þessi skýrsla hefur tilganginn að skilgreina

þessi skýrsla hefur tilganginn að skilgreina

þessi skýrsla hefur tilganginn að skilgreina

þessi skýrsla hefur tilganginn að skilgreina

ATH

Inngangur

Hér er gerð tilraun til að taka saman viðhlítandi reglur um skýrsluskrif á Veiðimálastofnun. Við samningu þessara reglna var stuðst við reglur er gilda á Orkustofnun. Síðan hafa flestir sérfræðingar Veiðimálastofnunar lesið þessar reglur yfir og komið með úrbætur. Það er ætlunin að þessar reglur gildi um allar skýrslur sem starfsmenn Veiðimálastofnunar vinna í starfi sínu hjá stofnuninni og gildir þá einu hver kostar verkið.

1. Útlit og merking

1. Nota skal staðlaðar kápur merktar viðkomandi deild.
2. Á titilblaði skal koma fram nafn skýrslu og nafn höfundar/höfunda hennar, mánuður og ár sem skýrslan er gefin út, auk númers sem inniheldur ártal og hlaupandi númer innan hvers árs og útgáfustaðar. Dæmi VMST-R/92001. VMST-S/92002. VMST-V/92023. VMST-N/92004.
3. Á skýrslum sem unnar eru fyrir aðra skal nafn þess sem unnið er fyrir koma fram á titilblaði.
4. Skýrslur sem ekki er ætlað í óhefta útbreiðslu eru auðkenndar með x aftan við númer. Dæmi VMST-R/92001X. Slíkar skýrslur eiga ekki að fara út af stofnuninni án leyfis höfundar eða höfunda, enda er þeim kunnugt um kvaðir er viðkomandi verkkaupi setur um útbreiðslu skýrslu.

2. Efni

1. Leitast skal við að hafa í skýrslum niðurstöður rannsókna og umfjöllun um þær, einnig meiri háttar álitsgerðir eða tillögur og svo samantektir um rannsóknir á ákveðnu fræðasviði eða svæði. Minni háttar umsagnir og annað viðlíka efni svo sem stuttar vettvangsskoðanir skulu

að öllu jöfnu ekki fara í skýrslu. Heppilegast er að gera grein fyrir slíku í bréfum.

2. Nafn skýrslu skal gefa til kynna efni hennar, staðsetningu rannsóknarinnar og eðli hennar.

3. Forðast ber óþarfa orð í aðaltitli svo sem "tillögur," "skýrsla" eða "álitsgerð" en slíkt gæti staðið í undirtitli.

4. Aftan við titilblað skal vera efnisyfirlit.

5. Skrá yfir töflur, myndir og viðauka skal koma þar á eftir.

6. Efnisúrdráttur eða ágríp af niðurstöðum skal koma framan við aðaltexta. Ágripð er samantekt á efni skýrslunnar og á að lýsa hvaða rannsóknaraðferðum var beitt og hvers konar gögn voru notuð. Einnig skal tiltaka tilgang skýrslunnar og verkstig skýrslunnar. Ágríp skal auka upplýsingar sem fram koma í titli skýrslunnar. Í skýrslum sem teljast áhugaverðar á alþjóðlegum vettvangi skal ágríp einnig vera á ensku.

7. Rannsóknarskýrslur byrja jafnan á inngangskafli, þar skal greint frá tilgangi og tilurð verkefnisins. Greint skal frá fyrri rannsóknum svo og öðrum rannsóknum á sama sviði í örstuttu máli. Þar skal einnig nefna fyrir hvern verkið sé unnið og í samvinnu við hverja, sé um slíkt að ræða. Einnig er staðhættum lýst í inngangi sé þess þörf eða sérstökum kafla þar á eftir.

8. Meginefni. Í hefðbundinni rannsóknarskýrslu skiptist meginmál í eftirtalda kafla; Aðferðir og framkvæmd, Niðurstöður, Umræða. Í sumum tilfellum er þessi skipting ekki svo glögg. Í aðferðum er lýst eðli og umfangi rannsóknar, lýst aðferðum sem beitt er og framkvæmd þeirra. Í niðurstöðukafla er gerð grein fyrir niðurstöðum. Síðan er fjallað um niðurstöður í umræðukafla. Þar koma fram

ályktanir sem dregnar hafa verið studdar með upplýsingum, tölfræðilegri vinnslu, myndum, töflum og línuritum í niðurstöðukafla eftir því sem efni gefur tilefni til. Einnig er fjallað um túlkun niðurstaðna og þann grunn sem sú túlkun er byggð á. Myndir og töflur eiga helst að koma fram í meginkafla sem næst þeim stað sem vísað er í þar eða fyrir aftan meginmál. Sé enskt ágríp í skýrslu skulu einnig vera enskir mynda- og töflutextar. Töflur og sér í lagi myndir á að vera hægt að skilja án þess að lesa texta.

9. Í mörgum tilfellum er mikilvægt að draga saman meginniðurstöður og ályktanir og setja í sérstakan kafla auk tillagna.

10. Þakkarorð koma á undan heimildaskrá ef um slíkan kafla er að ræða í skýrslu. Hvatt er til að svo sé.

11. Heimildaskrá og tilvitnun í heimildir skal fylgja reglum Náttúrufræðingsins.

12. Viðaukar koma aftast í skýrslu.

3. Frágangur.

1. Vanda skal allan frágang eins og kostur er. Prenta skal skýrslur með góðum prentara. Gæta skal að því að myndir sem prentaðar eru séu líka góðar.

2. Blaðsíðutal skal vera samfellt í gegnum alla skýrsluna.

3. Skýrsla sé lesin yfir helst af 2 sérfræðingum öðrum en höfundi/höfundum. Yfirlesarar kanni hvort farið sé að settum reglum með frágang og uppsetningu, texti sé yfirfarinn efnislega og með tilliti til málfars. Höfundar skýrslna eru hvattir til að nota orðabók ritvinnsluforritsins orðsnilldar til að lesa yfir. Þannig er komið í veg fyrir stafsetningarvillur, stafbrengr og fleira.

4. Dreifing og fjöldi eintaka

Jafnan skal senda 1 eintak af hverri skýrslu á bókasafn, eitt til Veiðimálastjóra, hver landsbyggðardeild á að fá eintak svo og deildarstjóri þar sem skýrslan er unnin. Landsbyggðardeildir sendi a.m.k. 3 aukaeintök til aðalskrifstofu.

5. Staðlar fyrir úrvinnslu rannsóknaverkefna

1. Rannsókn á seiðaástandi í ám.

Afstöðumynd af vatnakerfi komi fram. Niðurstöður seiðamælinga á hverri stöð sé sett fram í myndum og töflum. (fjöldi seiða af hverri lengd/þyngd og aldri). Teknar verði saman niðurstöður mælinga fyrir hvern heildstæðan hluta (þverá, aðalá, fiskgengur hluti, ófiskgengur hluti) vatnakerfisins eða allt kerfið eftir aðstæðum. Í hverri slíkri einingu verði birtar niðurstöður um fjölda á flatareiningu (100 m²) af hverjum aldurshóp, meðallengd, meðalþyngd og fjölda í úrtaki ásamt staðalfráviki hvers aldurshóps. Holdastuðull hvers aldurshóps verði reiknaður eða lengdar-þyngdarsamband ef við á. Hver fiskitegund fái þessa meðhöndlun. Þessar niðurstöður verði bornar saman við niðurstöður fyrri rannsókna séu þær til.

2. Úttekt á veiði og veiðistofni.

Veiði sé skipt eftir kyni og sjávaraldri. Með hreisturlestri af góðu úrtaki af veiði er veiði skipt eftir aldri í ferskvatni og sjó, svo og eftir klakárgöngum. Sérstaklega þarf að greina aðkomufiska úr eldi og hafbeit frá svo og fiska úr sleppingum. Veiði sé sett í samhengi við seiðamælingar fyrri rannsókna ef til eru.

3. Mat á árangri sleppinga merktra seiða og merkingum villtra seiða.

Fram komi stærð slepptra seiða, sleppiaðferðir og tími eða samsetning seiðagöngunnar og göngutími. Endurheimtur í fjölda og % skipt eftir smálaxi/stórlaxi og kyni svo og endurheimtustaðir og endurheimtutími (aldur seiða). Greint sé á milli sleppiseiða og náttúrulegra sé um hvoru tveggja að ræða.

4. Talning og merking gönguseiða

Göngutími (tími dags og göngudagar) komi fram á mynd. Samsetning seiðagöngunnar (aldur, kyn, lengd, þyngd, holdastuðull) sé settur fram. Fjöldi veiddra seiða og fjöldi merktra seiða komi fram. Fjöldi sýna og sýnatökudagar komi einnig fram. Samhengi við melda umhverfispætti sé einnig skoðað.

5. Talning á göngufiski.

Göngutími (tími dags og göngudagar) komi fram á mynd. Samsetning göngunnar (aldur, kyn, lengd (þyngd, holdastuðull) komi fram.

6. Úttekt á fiskstofni vatns.

Fram komi afstöðumynd af viðkomandi vatni. Samsetning afla (stofns) komi fram þ.e. aldur, lengd, þyngd, ástandsstuðull (K, K hlut) kynþroski, sníkjudýrabyrði svo og fæða svo og samspil þessara þátta eftir því sem við á. Í töflum komi fram fjöldi sýna og staðalfrávik eða 95 % öryggismörk í útreikningum meðaltala.

7. Merkingar fiska og stofnstærðarmat.

Greint sé frá fjölda merktra og endurheimtra fiska og

samsetningu þessara hópa (aldur stærð). Séu aðrar aðferðir notaðar t.d. fall í veiði komi einnig fram samsetning veiðinnar hverju sinni.

8. Veiðiráðgjöf byggð á rannsókn á samsetningu afla.

Rannsókuð sé samsetning afla (aldur, stærð o.s.fr.) og borin saman við afla í tilraunasetum (veiðistofn) og kannað hvort bæta megi nýtingu.

9. Í öðrum tilfellum sé vinnslu háttað í samráði við deildarstjóra.

10. Viðkomandi deildarstjórar skulu gæta að þessar reglur séu viðhafðar.

6. Yfirllestur skýrslu

Titill _____

Höfundur/ar _____

1. Er titill góður og lýsir hann efni?
2. Er efnisniðurröðun og kaflaskipting eðlileg með tilliti til viðfangsefnis?
3. Eru í inngangi upplýsingar um tilgang og tilurð verksins?
4. Er meginefni sett fram skýrt og skipulega? Hvað var gert? Hvernig var það gert? Hvar var það gert? Hverjar voru niðurstöðurnar? Er túlkun niðurstaðna góð?
5. Eru meginniðurstöður, ályktanir eða tillögur um frekari rannsóknir settar fram í sérkafla?
6. Eru í ágripni hnitmiðaðar upplýsingar um meginatriði efnisins og helstu niðurstöður? Getur það staðið sjálfstætt?
7. Er hægt að stytta eða fella niður eitthvað af efni án skaða fyrir verkið?
8. Eru allar töflur og myndir nauðsynlegar og fullnægjandi? Er vísað í og fjallað um þær allar í textanum?
9. Eru tilvitnaðar líkingar réttar skv. heimildum? Eru stærðfræðilegir útreikningar réttir?
10. Er heimildaskrá fullnægjandi og vitnað til allra heimilda í texta?
11. Eru viðaukar nauðsynlegir og vitnað til þeirra?
12. Hvernig er málfar?

Handrit er tækt til útgáfu án breytinga

Handrit er tækt til útgáfu með smávægilegum breytingum

Handrit er tækt til útgáfu með meiriháttar breytingum

Handrit er ótækt til útgáfu

Undirskrift